

Kynning á samráði V&T við almenning um samfélagslegar áskoranir September 2018

Í samræmi við aðgerð 1 í stefnu Vísinda- og tækniráðs (V&T) fyrir árin 2017 – 2019 efnir ráðið til víðtæks samráðs um hvaða samfélagslegu áskoranir Ísland muni standa frammi fyrir á næstu áratugum. Í stefnunni segir að «mikilvægur hluti aðgerðinnar er að virkja almenning og hagsmunaaðila til samráðs....elfa samfélagslega tengingu rannsóknar- og nýsköpunarstarfs og að auka vitund almennings um hlutverk vísinda, tækni og nýsköpunar í samfélaginu.»

Í verkefninu eru eftirfarandi fjórir hópar eru skilgreindir sem samráðsaðilar:

- Almennigur
- Atvinnulíf
- Stjórnmalaflokkar á Alþingi
- Vísinda- og nýsköpunarsamfélagið

Við undirbúning verkefnisins var horft til aðferða sem nýst hafa í nágrannalöndum okkar, s.s. *The Sciencewise programme* sem bresk yfirvöld hafa nýtt sér. Þessi aðferð notast m.a. við samráð í gegnum rafræn pallborð þar sem þátttakendur eru valdir að teknu tilliti til lýðfræðilegra þátta. Þessari aðferð var beitt í könnun Maskínu. Einnig var horft til opna samráðs hollenska rannsóknaráðsins (NWO) við almenning, þar sem almenningi var boðið að senda inn spurningar sem vísindin ættu að svara. Svipaðri aðferð er beitt í yfirstandandi opnu samráði við almenning á netinu, www.samfelagslegaraskoranir.is. Auk þess voru skoðaðar niðurstöður kannana um áhyggjur almennings, eins og Eurobarometer (maí 2017), IPSOS (nóvember 2016) og MMR (febrúar 2017).

Maskína gerði könnun á afstöðu almennings í gegnum rafrænt fjarumræðuborð. Um 40 þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá þar sem reynt var að hafa hópinn sem fjölbreytilegastan (aldur, kyn, búseta og svo frv.). Könnunin fór fram í ágúst/september og liggja niðurstöður fyrir. Áskoranir sem voru nefndar tengdust ýmist heiminum öllum eða nærumhverfinu. Áhyggjur af umhverfis- og loftlagsmálum voru áberandi, heilbrigðiskerfið var töluvert nefnt, sem og húsnæðismál og aðgengi að menntun. Þessi nálgun gefur færi á meiri dýpt umræðna en netkönnun.

Samráðið við almenning er framkvæmt í tveimur hlutum.

- a) Opið samráð við allan almenning með netgátt sem er opin frá 24. september til 7. október 2018. Netgáttin verður auglýst með fréttatilkynningum, auglýsingapóstum, á samfélagsmiðlum, viðtölum, greinum og á Vísindavöku Rannís í Laugardalshöll 28. September. Niðurstöður munu liggja fyrir um miðjan október 2018. Mögulega verða spurningar, byggðar á niðurstöðum ofangreindra tveggja kannanna, settar í spurningavagn. Könnunin verður markvisst send á aðra hagsmunahópa, t.d. hagaðila á vinnumarkaði og stjórnmalaflokka.
- b) Vísinda- og tækninefndir hafa samráð við vísindasamfélagið og aðra hluta atvinnulífsins. Markmið samráðsins er að skilgreina a) brýnustu samfélagslegu áskoranir sem Íslands stendur frammi fyrir þar sem horft er til niðurstaðna samráðs við almenning og b) hvaða þátta horfa eigi til við mögulegar lausnir (þ.e. þverfræðilegt samstarf, samstarf vísinda og atvinnulífs og svo frv.). Gert er ráð fyrir að í október meti nefndir VTR hvort efnt verði til opins samráðsfundar með fulltrúum hagsmunaaðila til að ræða þær tillögur sem komnar verða fram.

Byggt á niðurstöðum ofangreindrar vinnu munu nefndirnar í sameiningu skilgreina fimm til tíu þverfagleg áherslusvið sem lögð verða fyrir Vísinda- og tækniráð um miðjan nóvember 2018. Í kjölfarið útfærir Vísinda- og tækniráð með hvaða hætti á að stuðla að rannsóknum í tengslum við fyrirliggjandi áherslusvið. Sérstaklega verði hugað að markáætlun og innviðasjóðs. Í lok verkefnisins er munu tillögur liggja fyrir um með hvaða hætti megi haga samráði ráðsins og almennings/hagsmunaaðila um samfélagslegar áskoranir á næstu árum.